

55. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 7. júní 2012, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson oddviti, Gunnólfur Lárusson, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Steinunn Leósdóttir og Ævar Rafn Marinósson. Jafnframt sat fundinn Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir viðfundarboð. Svo var ekki.

Sveitarstjórn hóf fundinn á að minnast Pálma Ólasonar, fyrrverandi skólastjóra og oddvita á Þórshöfn, en hann lést þann 25. maí sl. Pálmi réðst sem skólastjóri við Barnaskólann á Þórshöfn haustið 1956, síðar Grunnskólann á Þórshöfn, þar sem hann var skólastjóri í 40 ár, allt til ársins 1996. Hann kom auk þess mjög að sveitarstjórnarmálaum í sinni heimabyggð, var sýslunefndarmaður fyrir Þórshafnarhrepp 1962-66, oddviti hreppsnefndar þrjú kjörtímabil, 1966 - 78, og sinnti þá einnig þeim verkefnum sem sveitarstjórar hafa í dag, og átti jafnframt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Þórshafnarhrepps á því sama tímabili. Sökum þekkingar sinnar og skilnings á málefnum byggðarinnar gat Pálmi auk þess veitt ómetanlega aðstoð og ábendingar við ritun Langnesingasögu sem gefin var út árið 2000.

Pálmi tók jafnframt virkan þátt í atvinnulífinu á Þórshöfn. Hann var einn af stofnendum Hraðfrystistöðvar Þórshafnar og var fyrsti framkvæmdastjóri hennar og stjórnarformaður. Hann var meðal stofnenda Útgerðarfélags Þórshafnar hf. og stjórnarformaður þess 1970-78, hann var meðal stofnenda Útgerðarfélagssins Borgþórs hf. og sat í stjórn þess í fjögur ár.

Sveitarstjórn minnst Pálma með hlýhug, virðingu og þakklæti fyrir göfugt ævistarf og sendir eftirlifandi eiginkonu hans, Elsu Axelsdóttur, og fjölskyldu þeirra hjóna sínar innilegustu samúðarkveðjur.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 24. maí 2012.

- Liður 14.
Sveitarstjóri vann málið eins og önnur mál er varða sölu á fasteignum, þ.e.a.s. með þeirri meginreglu að að leigjandi í viðkomandi íbúð hefur forkaupsrétt. Á fundi sveitarstjórnar 16. mars 2012 fór fram mikil umræða um sölu íbúða og var sveitarstjóra þá falið að ganga frá kaupum fengist það verð fyrir íbúðirnar sem rætt var um á fundinum. Salan var staðfest á sveitarstjórnarfundi þann 12. apríl 2012 þar sem kaupsamningar voru samþykktir samhljóða.
- Liður 17.
Reimar kveðst ekki tilbúinn til að sitja í nefnd um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar. Samþykkt að Indriði taki sæti í nefndinni í hans stað.

- Liður 18.
Sveitarstjóri leggur til að útsending sveitarstjórnafunda verði skoðuð samhliða vinnu sem þegar er hafin vegna nýrrar heimasíðu Langanesbyggðar. Leitað hefur verið eftir tilboðum í gerð heimasíðunnar og hafa nú þegar borist 6 tilboð.
- Liður 19.
Sveitarstjóri upplýsir að meðferð málsins var í samræmi við óskir mennta- og menningarmálaráðuneytisins og í samræmi við verklag ráðuneytisins. Ráðuneytið sendi úttektarskýrslu til sveitarstjóra og var skýrslan á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem sveitarstjórnarmenn höfðu aðgengi að henni. Málið var síðan unnið áfram á vettvangi fræðslunefndar. Í bréfinu óskaði ráðuneytið eftir að ráðuneytinu yrði send umbótaáætlun fyrir tiltekinn tíma, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 658/2009 um mat og eftirlit og upplýsingaskyldu sveitarstjóra um skólahlald. Fékk fræðslunefnd frest til að vinna umbótaráætlunina fram til 1. apríl 2012. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 eru ekki nein fyrirmæli um hvernig sveitarstjórn beri að kynna skýrsluna. Í samræmi við 6. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er mikilvægt að skóla/fræðslunefnd sé a.m.k. upplýst um umbótaáætlunina og sinni eftirfylgni með henni. Hafði sveitarstjóri það að leiðarljósi við þessa vinnu.

2. Fundargerð Nausts, dags. 21. maí 2012.

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. maí 2012.

Lögð fram til kynningar.

4. Skýrsla sveitarstjóra.

- Oddviti gerði grein fyrir fundum sem hann og skrifstofustjóri, sem fulltrúar Langanesbyggðar í Drekasvæðisins ehf., áttu með forvarsmönnum fyrirtækja sem tóku þátt í útboði um olíuleit á Drekasvæðinu, ásamt sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps og skipulagsráðgjafa sveitarfélaganna. Tilgangur fundanna var að kynna svæðið sem þjónustusvæði fyrir olíuleit.
- Sveitarstjóri greindi frá heimsókn sendiherra Bandaríkjanna á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Sveitarstjóri sagði frá fundi sem hann átti með forsvarsmönnum Isavia.
- Vinnuskóli Langanesbyggðar hefst nk. mánudag.
- Sveitarstjóri leggur til að sveitarstjórn taki nú sumarfrí til 9. ágúst. Komi upp mál sem brýnt er að afgreiða strax, verði kallaður saman aukafundur.
- Sveitarstjóri hefur fengið upplýsingar frá öðrum hluthöfum Fossorku ehf. um að þeir samþykkja að félagið verði lagt niður og eignir þess seldar. Sveitarstjóri leggur til að sveitarstjórn samþykki að leggja félagið niður.
Samþykkt með 6 atkvæðum. 1 var á móti,

5. Bréf bréf frá umhverfisráðuneytinu, dags. 30. maí 2012.

Lagt fram til kynningar. Í bréfinu er minnt á dag íslenskrar náttúru. Erindinu vísað til umhverfisnefndar, íþróttá- og tómstundanefndar og fræðslunefndar.

6. Bréf frá foreldrum á Bakkafirði.

Í bréfinu óska sex foreldrar barna sem verða í 8.-10. bekk á næsta skólaári eftir því að börnunum verði kennt á Bakkafirði. Minnisblað lagt fram um málið þar sem sveitarstjóri leggur til að sveitarstjórn verði við óskum foreldra.

Miklar umræður um bréfið. Samþykkt að verða við óskum foreldranna en sveitarstjóra falið að tryggja að henni fylgi ekki hækkandi launakostnaður. Jafnframt að skólastjórnendur beggja skólanna í sveitarfélaginu vinni áfram að því að kanna möguleika og hagræði í að sameina skólanna. Sveitarstjóra jafnframt falið að halda fund með foreldrum skólabarna á Bakkafirði til að ræða skólamál sveitarfélagsins.

Samþykkt með 6 atkvæðum. 1 sat hjá.

7. Bréf frá SAMAN-hópnum, dags. 23. maí 2012.

Lagt fram til kynningar. Í bréfinu er lögð áherslu mikilvægi á samveru foreldra og unglinga. Bréfinu vísað til fræðslunefndar, íþróttá- og tómstundanefndar og vímuvarnaráðs.

8. Bréf vegna Litlu-Kverkár, dags. 21. maí 2012.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu með það að markmiði að tryggja að brú yfir Kverká verði áfram opin almenningi.

9. Bréf frá Eignahaldsfélagi Brunabótarfélag Íslands, dags 22. maí 2012.

Lagt fram til kynningar. Í bréfinu er minnt á styrktarsjóð EBÍ. Bréfinu vísað til ferða- og atvinnuálanefndar en skila þarf inn umsóknum fyrir ágústlok.

10. Vaðlaheiðargöng.

Eftirfarandi ályktun borin undir fundinn:

„Áskorun til Alþingis um að samþykkja frumvarp fjármálaráðherra um fjármögnun Vaðlaheiðarganga hið fyrsta.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja frumvarp fjármálaráðherra um fjármögnun Vaðlaheiðarganga hið fyrsta, en tilboð í gerð ganganna rennur út 14. júní nk. Tafir á verkefnum hafa þegar valdið umtalsverðum skaða. Gerð ganganna er mikilvæg samgöngubót fyrir alla þá sem ferðast um Norðurland og eru ein af forsendum búsetu og jákvæðrar byggðapróunar. Göngin eru þjóðhagslega hagkvæm, bæta umferðaröryggi, stytta leiðir, efla innviði dreifðra byggða, hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu og skapa nauðsynleg atvinnutækifæri, minnka atvinnuleysi og tengja svæði.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar þykir miður hvernig reynt hefur verið að afvegaleiða umræðuna um Vaðlaheiðargöng með ýmsum hætti. Minnt er á að um er að ræða flýtiframkvæmd. Áréttað er að ríkissjóður ábyrgist fjármögnun framkvæmdanna. Lánin verða greidd af veggjöldum en ekki úr ríkissjóði. Framkvæmdin tekur því ekki fé frá öðrum brýnum verkefnum og þeir fjármunir sem ætlaðir eru í gerð ganganna munu ekki nýtast

öðrum framkvæmdum eða brýnum málaflokkum. Vert er að benda á að beinar og óbeinar tekjur ríkissjóðs á framkvæmdatímanum geta orðið verulegar. Þá fjármuni má nota í önnur brýn verkefni í þágu samfélagsins.

Áhættan af framkvæmdunum er ekki eins mikil og haldið hefur verið fram og mun ekki falla öll á ríkissjóð. Aðrir sem leggja fram hlutafé, sveitarfélög og einkaaðilar, hafa trú á verkefninu og forsendum þess og hætta þar með sínum fjármunum í verkefnið. Það eru einnig miklir hagsmunir í húfi fyrir þá.

Íbúar svæðisins eru reiðubúnir að taka á sig að greiða veggjöld til viðbótar þeim sköttum sem á þá eru lagðir svo að unnt sé að flýta framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hvetur þingmenn til að samþykkja heimild til að fjármagna framkvæmdina en bregða ekki fæti fyrir þessa brýnu framkvæmd sem mun hafa í för með sér jákvæða innspýtingu í atvinnulíf þjóðarinnar.“

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda áskorunina á ráðherra og þingmenn.

11. Bréf vegna eyðibýla á Íslandi, dags. 21.maí 2012

Í bréfinu er óskað eftir að sveitarfélagið styrki verkefnið um 100.000 krónur.

Samþykkt með 6 atkvæðum að hafna erindinu. 1 sat hjá.

12. Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 31.05.2012.

Í bréfinu er sveitarstjóra boðið að finna tíma til að halda fund á Þórshöfn með þeim aðilum sem gerðu úttekt á Grunnskólanum á Þórshöfn, þar sem heimamönnum gefst kostur á að leita frekari skýringa hjá úttektaraðilum.

Samþykkt að þiggja boðið. Sveitarstjóri leggur til að fundurinn verði haldinn 14. ágúst 2012.

Samþykkt með 6 atkvæðum. 1 sat hjá.

13. Kosning oddvita og varaoddvita.

Sveitarstjóri leggur til að Siggeir Stefánsson verði áfram kjörinn oddviti og Ævar Rafn Marinósson varaoddviti.

Samþykkt með 5 atkvæðum. 2 sátu hjá.

14. Umsóknir um starf skrifstofustjóra.

Þar sem einn umsækjandi hefur óskað nafnleyndar er lagt til að umfjöllun verði tekin fyrir á trúnaðarfundi og færð í trúnaðarbók.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.00.